



MINNISBLAÐ

Móttakandi: Bæjarráð/Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar.
Varðandi: Tillaga um reglur Stykkishólmsbæjar um styrkveitingar.
Málsnúmer: 1910031
Dags.: 26. október 2019.
Málefni: Minnisblað bæjarstjóra með drögum að nýjum reglum um styrkveitingar í Stykkishólmsbæ.

Af undirrituðum eru lögð fram drög að reglum Stykkishólmsbæjar um styrkveitingar, en tilgangur dragana er að gera tilraun til þess að nálgast sameiginlega niðurstöðu tveggja lista í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, H-lista og O-lista, sem báðir hafa talað fyrir því að setja þurfi reglur um meðferð styrkveitinga. Með fyrirbyggjandi drögum er verið að leitast við að komast til móts við áherslu beggja lista í þessum efnum.

Markmið reglnanna er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun samfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi og öflugu íþrótta- og æskulýðsstarfi, ásamt því að samræma styrkveitingar á vegum bæjarfélagsins og stuðla að faglegri afgreiðslu þeirra. Í drögunum er gert ráð fyrir því að reglurnar nái hins vegar ekki til styrkumsókna sem falla undir Lista- og menningarsjóð Stykkishólmsbæjar og þegar hafa fengið umfjöllun eða afgreiðslu á grundvelli þeirra reglna um Lista- og menningarsjóð Stykkishólmsbæjar.

Er lagt upp með að bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar veiti, eftir tillögu bæjarráðs, félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki bæjarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsöröðun bæjarstjórnar sem og ósamningsbundnum fjárhagslegum styrkjum til íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Í reglunum er gert ráð fyrir því að bæjarráð leggi fram tillögu til bæjarstjórnar um fjárhæð sem eru framlög til styrkja við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert og að styrkveitingar fari fram tvisvar á ári, á fundum bæjarstjórnar í mars og október. Bæjarstjórn fer með úthlutun styrkja eftir tillögu frá bæjarráði, og eftir atvikum eftir



umfjöllun í fastanefndum, og gerð stærri langtímasamninga, en í samræmi við breytingar á samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar er bæjarráði þó heimil fullnaðarafgreiðsla styrkja vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja á undanfara almennrar styrkjaúthlutunar sem ekki varða verulega fjárhag bæjarstjóðs eða stofnana hans eða framlög sem felast í aðstöðu og/eða húsnæði, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu, en við það skal miða að fjárhæðir styrkumsókna í þessu sambandi séu að hámarki kr. 50.000.

Að öðru leyti er vísað til fyrirbyggjandi draga að reglum Stykkishólmsbæjar um styrkveitingar.

Virðingarfyllst,
Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri